

Gátlisti fyrir fyrstu skrefin eftir veitingu stöðu flóttamanns

- Merkja póstkassann** til að geta fengið mikilvægar upplýsingar frá Útlendingastofnun
- Myndataka fyrir dvalarleyfiskort**
 - Myndatakan er framkvæmd hjá Útlendingastofnun og hjá sýslumannsembættum á landsbyggðinni
 - Útlendingastofnun sendir sms þegar sækja skal dvalarleyfiskortið
- Opna bankareikning** um leið og dvalarleyfisskilríki er komið.
- Sækja um rafræn skilríki.** <https://www.skilriki.is/> og <https://www.audkenni.is/>
- Sækja um grunnfjárhagsaðstoð** hjá félagsþjónustunni
- Sækja um ferðaskilríki flóttamanna**

Þeir sem geta ekki framvísað vegabréfi frá heimalandi þurfa að sækja um ferðaskilríki. Ferðaskilríkin jafngilda persónuskilríkjum og vegabréfi, sem er nauðsynlegt t.d. til að geta sótt um rafræn skilríki.

- Panta tíma hjá félagsráðgjafa**

Hægt að sækja um sérstaka aðstoð vegna húsnæðis, barna og fleira. Pantaðu tíma hjá félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð/félagsþjónustu í viðkomandi hverfi/sveitarfélagi.

Þú finnur upplýsingar um sveitarfélögin og skrifstofur þeirra hér:

<https://www.samband.is/sveitarfelogin/>

- Panta tíma hjá ráðgjafa á Vinnumálastofnun til að**
 - Fá aðstoð við atvinnuleit og aðra virkni
 - Skrá þig á námskeið í íslensku- og samfélagfræðslu
 - Fá náms og starfsráðgjöf

Gátlisti vegna húsnæðis

- Húsnæðisleit**

Leyfilegt er að dveljast í húsnæði sem ætlað er fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd í allt að tvær vikur frá því að veitt er staða flóttamanns. Húsnæðisleit þarf því að vera í forgangi.
- Sækja um húsnæðisbætur**
 - <https://www.husbot.is> og <https://hms.is/husnaedisbaetur/housing-benefit/>
- Sækja um aðstoð vegna húsaleigu og húsbúnaðar hjá félagsþjónustunni**
 - Lán vegna tryggingu leiguhúsnæðis

- Húsbúnaðarstyrkur fyrir nauðsynlegum heimilistækjum og húsgögnum
- Sérstakur húsnæðisstuðningur. Mánaðarlegar greiðslur umfram húsnæðisbótina sem eru ætlaðar til að aðstoða þá sem leigja íbúðarhúsnæði
- Styrkur vegna húsnæðisbóta fyrsta mánuðinn þar sem húsnæðisbætur eru eftirágreiddar

Önnur aðstoð sem hægt er að sækja um hjá félagsráðgjafa

- Námsstyrkur** til einstaklinga sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla
- Greiðslubáttaka vegna **læknisskoðunar hjá göngudeild** sóttvarna
- Styrkur vegna **tannlækninga**
- Sérfræðiaðstoð** félagsráðgjafa, geðlækna eða **sálfræðinga**
- Athugið að allar umsóknir eru metnar og þurfa að falla að reglum svo styrkir séu veittir.

Gátlisti vegna barna

- Foreldrar þurfa að skrá sig inn í rafrænt kerfi vegna skóla og frístunda** til að geta skráð börnin í skóla, skólamáltíðir, frístundir og fleira. T.d. Rafræn Reykjavík, Mitt Reykjanes, og Míнар síður á vef Hafnarfjarðarbæjar
- Flestir hafa þegar farið í **heilsufarsskoðun á göngudeild sóttvarna** (First Medical Check) sem er forsenda þess að gefið sé út dvalarleyfi og að börn geti hafið skólagöngu
- Sækja um aðstoð vegna barna hjá félagsráðgjafa**
 - Styrkur sem samsvarar barnabótagreiðslum fram að þeim tíma sem barnabætur greiðast að fullu frá ríkisskattstjóra
 - Sérstök aðstoð vegna barna, svo sem leikskólagjöld, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl eða tómstundarstarf
- Sækja um barnalífeyri og mæðra- og feðralaun hjá Tryggingastofnun**
 - Fjárhagslegur stuðningur fyrir einstæða foreldra
 - Sótt um á mínum síðum hjá Tryggingastofnun <https://innskraning.island.is/?id=minarsidur.tr.is>
 - Hægt er að nálgast eyðublöð á: <https://www.tr.is/tryggingastofnun/umsoknir>
 - Upplýsingar um þjónustu Tryggingarstofnunar á ensku á: <https://www.tr.is/en>